



FÉLAG SKÓGARBÆNDA  
Á NORÐURLANDI

## Stjórnarfundur Félags skógarbænda á Norðurlandi.

Haldinn í Gömlu Gróðrarstöðinni á Akureyri þann 29. ágúst 2016 kl. 14:00

Mætt voru : Baldvin Haraldsson, Davíð Herbertsson, Sigrún Þorsteinsdóttir, Helga Sigurrós Bergsdóttir, Sigurlína Jóhannesdóttir og Agnes Guðbergsdóttir, fulltrúi félagsins í stjórn LSE. Einnig sat Valgerður Jónsdóttir fundinn.

### Dagskrá:

#### 1. Staða mála – SKÓGRÆKTIN

Valgerður upplýsir um stöðu mála.

Staða framkvæmdastjóra Norðurlandsskóga hverfur og verkefnið skiptast niður á hinar ýmsu deildir, en þó verður rekstur verkefnanna óbreyttur út árið.

Skipurit hefur verið teiknað upp og skiptast verkefnið í skógarauðlindasvið, en þar undir falla landshlutaverkefnið, og rannsóknarsvið.

Rekstrar- og samhæfingarsvið ásamt fagmálastjóra skarast við þau tvö fyrrnefndu. Sviðsstjóri skógarauðlindasviðs er Sigríður Júlía Brynleifsdóttir.

Rætt um að ferli vegna umsókna um skógarverkefnið þurfi að vera skýrt, hver hafi þau á hendi.

#### 2. Aðalfundur LSE á Egilsstöðum

Aðalfundur LSE verður haldinn á Egilsstöðum 8. október nk. Baldvin og Davíð fara á fundinn, óvíst með hvort Sigrún og Sigurlína geti farið en Helga er upptekinn þessa helgi. Rætt um að setja saman tillögu til að fara með á aðalfundinn, þar sem okkur finnst að LSE mætti vera sýnilegra, hafa etv. Meiri samskipti út á við, vera meira í sambandi við formenn félaganna og einnig að heimasíðan mætti vera virkari. Unnið verður að því að setja saman tillögu, tölvupóstur notaður til samskipta. Við auglýsum aðalfundinn í Björkinni.

#### Verkefni framundan.

Stefnt að aðalfundi í lok mars – byrjun apríl 2017. Tillag um að koma á fræðslufundi einu sinni á ári eða vera með fræðsluerindi í tengslum við aðalfund. Nú fer að líða að því að áherslubreytingar verði í skógarverkefnunum, komið að grisjunum, slóðagerð og tvítoppklippingum.

Fundi slitið kl. 16:00

Helga Sigurrós Bergsdóttir ritari.